



Reykjavík, 12. september 2019  
171. fundur skóla- og frístundaráðs  
359. fundur velferðarráðs  
SFS2019090153  
VEL2019090024  
HG/RÁ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð og velferðarráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs.

---

**Efni:** Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og sviðsstjóra velferðarsviðs um að hefja þróunarverkefni í Breiðholti: *Betri borg fyrir börn. Markvissara samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra*

Skóla- og frístundaráð og velferðarráð samþykkja að hefja sameiginlegt þróunarverkefni í Breiðholti, *Betri borg fyrir börn. Markvissara samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.*

Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Þá verður lögð áhersla á að þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Færa á þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Styðja á betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og færa stjórnun stofnana skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og nýta fjármagn betur með sameiginlegum rekstri á sviði fjármála, mannvirkja og mannauðs.

1. Stofnuð verði skóla- og frístundadeild innan þjónustumiðstöðvar Breiðholts sem heyrir undir skóla- og frístundasvið. Starfsemi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í Breiðholti heyrir undir skóla- og frístundadeildina. Deildin veiti m.a. ráðgjöf um almenna starfs- og kennsluhætti, skipulag skóla- og frístundastarfs, auk þeirrar sérfræðiþjónustu sem hefur verið veitt í hverfinu á undanförunum árum. Stjórnendur deildarinnar verði næstu yfirmenn leikskólustjóra, grunnskólustjóra og forstöðumanna félagsmiðstöðva og frístundaheimila í Breiðholti.
2. Stofnað verði mannauðs- og rekstrarteymi innan þjónustumiðstöðvar Breiðholts sem sinni mannauðsþjónustu, fjármálalegri ráðgjöf og umsýslu og utanumhaldi með rekstri húsnæðis starfseininga sviðanna í hverfinu. Teymið heyrir undir hverfisstjóra Breiðholts.
3. Teymisvinna á milli skóla- og frístundadeildar og annarra sérfræðinga þjónustumiðstöðvar Breiðholts verði þétt og markviss með það að markmiði að styðja við skóla- og frístundastarf og fjölskyldur í Breiðholti. Deildarstjórar í þjónustumiðstöð Breiðholts eiga í markvissu samstarfi og funda reglulega um sameiginleg málefni deildanna með hverfisstjóra. Unnið verði á grundvelli verkefna og verkefnastjórnunar þar sem starfað verði í þverfaglegum teyimum.

4. Skrifstofa frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs í Breiðholti verði færð í skóla- og frístundadeildina og teymi rekstrar og mannauðs. Leigu í núverandi húsnæði skrifstofu frístundamiðstöðvarinnar verði sagt upp.

Verkefnið rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Flutt verði miðlæg stöðugildi frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs í Borgartúni, starfsfólk úr frístundamiðstöð auk þess sem starfsfólk í þjónustumiðstöð Breiðholts verður flutt undir skóla- og frístundadeildina. Velferðarsvið leggur til húsnæði og búnað að Álfabakka 10.

Þróunarverkefninu verði hleypt af stokkunum seinni hluta árs 2019 og standi í allt að tvö ár. Formenn skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs ásamt sviðsstjórum og hverfisstjóra þjónustumiðstöðvar Breiðholts munu halda reglulega samráðsfundi til að fylgja eftir markmiðum verkefnisins og kynna framgang þess í skóla- og frístundaráði og velferðarráði. Að þróunartíma loknum verður metið hvort yfirfæra eigi verkefnið á alla borgina. Matsferli verður hluti af undirbúnings- og innleiðingarferli.

### **Greinargerð:**

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum skylt að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum. Á grundvelli laga ber Reykjavíkurborg margvíslegar skyldur gagnvart skólum, frístundastarfi og fjölskyldum og ber að veita ýmsa þjónustu.

Í lögum um leik- og grunnskóla er kveðið á um að sveitarfélög skuli tryggja að skólaþjónusta sé veitt, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún geti farið fram innan leik- og grunnskóla. Í skólaþjónustu felst annars vegar stuðningur við börn/nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leik- og grunnskóla og starfsfólk þeirra.

Reykjavíkurborg er langstærsta sveitarfélagið á Íslandi og íbúasamsetning endurspeglar þverskurð þjóðarinnar. Í nútíma samfélagi er gerð síaukin krafa um gæði þjónustu og skilvirkni í þjónustuveitingu, samhliða því eru væntingar um að þjónusta sé nálæg notendum og íslensk samfélagsgerð gerir ráð fyrir tiltekinni persónulegri nálægð milli notenda og þjónustuveitenda.

Mikilvægt er að Reykjavíkurborg veiti heiltæka og samhæfða skólaþjónustu og því er eðlilegt að endurskoða og samræma þjónustuna til að tryggja að ekki sé um tvíverknað að ræða eða að mikilvæg verkefni lendi milli skips og bryggju, þ.e. milli þjónustu og verkefna skrifstofu skóla- og frístundasviðs við leikskóla, grunnskóla og frístundastarf annars vegar og þeirri skólaþjónustu við leik- og grunnskóla sem þjónustumiðstöðvar veita í dag. Ennfremur er afar mikilvægt að foreldrar og starfsfólk upplifi Reykjavíkurborg sem einn þjónustuveitanda með samhæfðri skóla- og velferðarþjónustu. Um 30% þeirra barna sem fá þjónustu sálfræðinga á þjónustumiðstöðvum, eru einnig að fá aðra þjónustu frá velferðarsviði.

Samkvæmt þjónustustefnu Reykjavíkurborgar skal veita þjónustu eins nálægt notendum hennar og kostur er á, hvort sem það er í gegnum rafrænar lausnir eða á vettvangi þar sem notandinn er staddur hverju sinni. Mikilvægt er að þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar veiti eins skilvirka og samhæfða þjónustu og kostur er.

Menntastefna Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn 20. nóvember 2018 hvetur til þróunar skóla- og frístundastarfs í skapandi lærdómssamfélagi sem mætir þörfum 21. aldarinnar. Stefnan hverfist um börnin, þarfir þeirra og velferð í nútíð og framtíð en um leið valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi. Í stefnunni er lögð áhersla á að í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfi framsækið starfsfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti. Þá er undirstrikað að það þurfi að styðja faglegt frumkvæði starfsfólks, veita því

rík tækifæri til starfsþróunar og markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Í almennum aðgerðum sem fylgja menntastefnunni er m.a. að finna eftirfarandi: Einfalda á allt stoðkerfi við börn með sérstakar þarfir með það að markmiði að veita börnum þjónustu innan veggja skólans. Samþætta á í eina heild skipan og verklag skólaþjónustu, sérkennslu og stuðnings í skóla- og frístundastarfi. Lögð verður áhersla á snemmtæka íhlutun og markviss inngríp sem skila börnum mælanlegum framförum auk þess sem dregið verður úr vægi greininga sem forsendu fjárveitinga.

Í menntastefnu Reykjavíkurborgar er áhersla á að efla samstarf í öllu skóla- og frístundastarfi og samræma starfsaðferðir og skipulag eins og kostur er til þess að auka gæði þjónustunnar, áreiðanleika hennar og jafnræði borgarbúa. Þá hefur verið mörkuð sú stefna að þjónusta sé nálæg stofnunum, starfsmönnum þeirra og þeim einstaklingum sem þær þjóna, sbr. niðurstöðu vinnu við bókun 1 hjá Félagi grunnskólakennara. Þar kom fram að kennarar vildu fá ráðgjöf nær sér og fengju í ríkari mæli handleiðslu í starfi.

Yfirlýst markmið í stefnumótun í barnavernd, bæði á vettvangi ríkisins og hjá sveitarfélögum er að þjónustukerfin vinni saman, þvert á svið og stofnanir. Á nýafstöðnum vinnufundi velferðarsviðs og Barnaverndar Reykjavíkur þar sem um eitt hundrað þátttakendur sem koma að barnavernd með ýmsum hætti komu saman, var skýr niðurstaða að fagfólk þyrfti að vinna saman að málefnum barna og fjölskyldna og að þjónustan ætti að vera sem næst vettvangi, í skólum, frístundastarfi og á heimilum.

Velferðarsvið hefur hafið undirbúning, til samræmis við samþykkt borgarstjórnar frá 2. október 2018, að nýrri starfsemi með heitinu Samstarfsnet um þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra sem veita mun börnum og fjölskyldum þeirra stuðningsþjónustu þvert á borgina. Markmiðið er m.a. að tryggja jafnt aðgengi að úrræðum, þjónustu í nærumhverfi og stuðla að nýsköpun og þróun í takt við þarfir og samfélagslegar aðstæður.

### **Starfsemi skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs**

Í Breiðholti eru eftirfarandi starfsstöðvar starfsræktar sem heyra til starfsstöðva skóla- og frístundasvið eða njóta framlaga og eftirlits sviðsins:

Þrettán leikskólar, þar af ellefu borgarreknir og 2 sjálfstætt reknir, fimm grunnskólar, frístundamiðstöð, þrjár stakstæðar félagsmiðstöðvar, þar af ein sértæk fyrir fötluð börn og unglínga, ein félagsmiðstöð staðsett í grunnskóla og sjö frístundaheimili. Í Breiðholti eru skráðir 26 dagforeldrar og börnum í Breiðholti stendur til boða að taka þátt í starfi Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts.

Skóla- og frístundasvið er með miðlæga skrifstofu, skrifstofu skóla- og frístundasviðs, í Borgartúni og þjónustar stofnanir sínar, leikskóla, grunnskóla og frístundastarfsemi með margvíslegum hætti frá þeim og í einhverjum tilvikum með sérhæfðum teymum sem eru úti í borgarhlutum (Miðja máls og læsis í Háaleitisskóla, Miðstöð útivistar og útináms í frístundamiðstöðinni í Gufunesbæ og Þekkingarstöð frístundastarfs um stuðning í frístundastarfi sem staðsett er í frístundamiðstöðinni í Kringlumýri.

Meðal verkefna skrifstofu skóla- og frístundasviðs gagnvart starfsstöðvum er: Fagleg stýring og ráðgjöf um innra starf stofnana, verkefnisstjórn tiltekinna verkefna s.s. jafnréttismál, ytra mat, stuðningur við úrlausn í einstaklingsmálum, stjórnendaráðgjöf, mannauðsráðgjöf, lögfræðiráðgjöf, fjármálaráðgjöf, umsýsla vegna framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa.

Frístundamiðstöðvar eru fimm, ein í hverjum borgarhluta og heyra undir skóla- og frístundasvið. Þær þjónusta frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í viðkomandi borgarhluta. Ein frístundamiðstöð er þekkingarmiðstöð varðandi börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda í frístundastarfi. Samstarf hennar við skólaþjónustuna er ekki formlegt.

Á vegum velferðarsviðs eru starfræktar eftirfarandi starfsstöðvar:

Þjónustumiðstöð Breiðholts veitir ráðgjöf og stuðning fyrir börn, fjölskyldur og fólk á öllum aldri í borgarhlutanum. Sérstök áhersla er lögð á þjónustu við fatlað fólk, innflytjendur og fólk sem glímir við félagslegar hindranir. Þjónustumiðstöðin rekur 6 heimili fyrir fatlað fólk, dagþjónustu fyrir fatlað fólk, 2 unglingsmiðjur, 2 félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara, stuðningsheimili fyrir ungt fólk og fjölskyldumiðstöð með margvíslega þjónustu, m.a. verkefnið Tinnu fyrir unga foreldra. Þjónustumiðstöðin á einnig í formlegu samstarfi við heilsugæsluna og margvísleg samtök á borð við Rauða Krossinn, Hjálparstofnun kirkjunnar, foreldrafélög, íþrótt- og tómstundafélög, Barnaheill, TUFF, Hjólakraft, samtök kvenna af erlendum uppruna- og móðurmálsfélög.

Skólaþjónustu í Reykjavík er sinnt á fimm þjónustumiðstöðvum undir stjórn velferðasviðs borgarinnar. Skólaþjónustan hefur á liðnum árum einkum beinst að þjónustu við leikskóla- og grunnskólabörn með sérstakar þarfir með aðkomu skólasálfræðinga, sérkennsluráðgjafa, hegðunarráðgjafa og félagsráðgjafa sem starfa í þjónustumiðstöðvum. Þjónustumiðstöðvar hafa leitt margvísleg verkefni er lúta að nemendum og skólastarfi s.s. læsisverkefni (LÆM), heilsuefningu hverfa, snemmtæka íhlutun, skimun og forvarnarstefnu borgarinnar.

### **Tilgangur verkefnisins**

Tilgangur verkefnisins er:

- Að samhæfa eins og kostur er alla skóla-, frístunda- og velferðarþjónustu í borgarhlutanum og auka þverfaglega samvinnu t.d. við heilbrigðisþjónustu.
- Að öll skóla- og frístundaþjónusta sé heiltæk, þ.e. varði heildarþjónustuþörf leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva frá Reykjavíkurborg, þ.e. stjórnendur, starfsmenn, börn og foreldrar.
- Að styrkja samlegð og samfellu þjónustu við skóla, félagsmiðstöðvar og frístundaheimili þannig að þjónustan stuðli að auknu samstarfi og um leið auknum gæðum í starfi með börnum á leik- og grunnskólaaldri.
- Auka dreifstýringu í leikskóla- og grunnskólastarfi þannig að hún verði áþekkt því sem nú er í frístundastarfi<sup>1</sup> svo að stjórnendur leik- og grunnskóla finni fyrir meiri nálægð frá stjórnendum og ráðgjöfum Reykjavíkurborgar.
- Að mannauður og fjármagn í öllu skóla-, frístunda- og velferðarstarfi nýtist sem best. Með auknu samstarfi og samhæfingu milli stofnana opnast möguleikar á að samnýta mannauð og fjármagn í ríkari mæli.

## **Útfærslan í þjónustumiðstöð Breiðholts**

### **Hverfisstjóri**

Hverfisstjóri ber ábyrgð á rekstri og starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar gagnvart sviðsstjóra velferðarsviðs. Skrifstofa hverfisstjóra ber ábyrgð á samhæfingu innan hverfisins og innri og ytri tengslum

### **Skóla- og frístundadeild**

Stofnuð verði skóla- og frístundadeild innan þjónustumiðstöðvar Breiðholts sem heyri undir skóla- og frístundasvið. Starfsemi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í Breiðholti heyri undir skóla- og frístundadeildina. Deildin veiti ráðgjöf um almenna starfs- og kennsluhætti,

---

<sup>1</sup> Skrifstofustjóri frístundaskrifstofu er næsti yfirmaður 5 framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva sem síðan stýra starfi í sínum borgarhluta. Skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu er næsti yfirmaður allra leikskólastjóra í borginni (sem eru 63). Skrifstofustjóri grunnskóla er næsti yfirmaður allra grunnskólastjóra í borginni (sem eru 36).

skipulag skóla- og frístundastarfs, auk þeirrar sérfræðipjónustu sem hefur verið veitt í hverfinu á undanförunum árum.

Skóla- og frístundadeildin verði þrískipt, leikskólahluti, grunnskólahluti og frístundahluti og myndi eina samverkandi heild. Viðkomandi skrifstofustjóri fagskrifstofa skóla- og frístundasviðs í Borgartúni verði næsti yfirmaður viðkomandi deildarstjóra<sup>2</sup> skóla- og frístundadeildar í Breiðholti. Skóla- og frístundadeild starfar í nánú samstarfi við hverfisstjóra í Breiðholti og aðra deildir þjónustumiðstöðvarinnar.

Störf í skóla- og frístundadeild verði skipuð starfsfólki sem nú þegar er við störf í skólaþjónustu (kennsluráðgjafar, hegðunarráðgjafar, daggæsluráðgjafi og talmeinafræðingur), eru við störf í frístundamiðstöð (framkvæmdastjóri og tveir deildarstjórar) og nýjar stöður (deildastjórar leikskólahluta og grunnskólahluta).

### **Mannauðs- og rekstrarteymi**

Stofnað verði mannaúðs- og rekstrarteymi innan þjónustumiðstöðvarinnar sem sinni mannaúðsþjónustu og fjármálalegri ráðgjöf við starfseiningar sviðanna í hverfinu og umsýslu og utanumhaldi með rekstri húsnæðis starfseininganna. Teymið heyrir undir hverfisstjóra.

Störf í mannaúðs- og rekstrarteymi verði skipuð sérfræðingi fjármála og reksturs sem nú þegar starfar á þjónustumiðstöðinni auk fjármálastjóra frá frístundamiðstöð skóla- og frístundasviðs og nýjum stöðugildum rekstrarráðgjafa mannvirkja og mannaúðsráðgjafa. Ný stöðugildi verði fjármögnuð með flutningi fjármagns frá miðlægum skrifstofum til þjónustumiðstöðvar sem svarar til eins stöðugildis rekstrarráðgjafa mannvirkja og 50% stöðugildis mannaúðsráðgjafa frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs og 50% stöðugildis mannaúðsráðgjafa frá velferðarsviði.

### **Aðrar deildir þjónustumiðstöðvarinnar**

Sálfræðipjónusta þjónustumiðstöðvar vinnur að þjónustu við stofnanir, þjónustu við einstaklinga innan stofnana og þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur. Sálfræðideildin heyrir áfram undir velferðarsvið. Sálfræðipjónusta mun vinna náið með skóla- og frístundadeild í markvissri teymisvinnu.

Fjölmenningarstarf er m.a. byggt upp í kringum Fjölskyldumiðstöðina í Gerðubergi. Skipað verður þekkingarteymi sem vinnur í þjónustumiðstöð, grunnskóla, leikskóla og frístundastarfi með bakland í Fjölskyldumiðstöðinni í Gerðubergi. Lögð verður áhersla á menningarmiðlun og brúarsmiði við samþættingu samfélagsins.

Hverfisstjóri stuðlar að auknum félagsauði í Breiðholti með virku samstarfi t.d. við íþróttafélög, trúfélög, menningarfélög, íbúasamtök, hverfaráð, stofnanir borgarinnar í Breiðholti og ríkisstofnanir. Þetta hlutverk styrkist enn frekar við stofnun skóla- og frístundadeildar t.d. vegna starfsemi frístundamiðstöðvar, félagsmiðstöðva og frístundaheimila. Eitt af hlutverkum hverfisstjóra er að tryggja samráð og eftirfylgni áætlana um heilsueflingu og forvarnir. Áhersla á lýðheilsu og forvarnir eflist til muna með tilkomu skóla- og frístundadeildarinnar. Ef upp koma flóknar aðstæður í borgarhluta t.d. áhættuhegðun í unglingshópum, samhæfir hverfisstjóri aðgerðir deilda þjónustumiðstöðvar, lögreglu og annarra stofnana/samtaka sem vinna að lausn vandans.

Lögð er áhersla á að húsnæði þjónustumiðstöðvarinnar sé skipulagt að mestu sem opið rými og fjölbreytt vinnusvæði sem hentar ólíkum einstaklingum og fagaðilum. Þess verði gætt að ekki verði skipt upp í afmarkaðar „skrifstofur“ í rými til þess að forðast að til verði „síló“. Horft verði til verkefna við tilhögun vinnurýma.

---

<sup>2</sup> Starfsheiti yfirmanns frístundamiðstöðvar er framkvæmdastjóri.

Nánari tilhögun samstarfs nýrrar skóla- og frístundadeildar og mannauðs- og rekstrarteymis við aðra starfsemi þjónustumiðstöðvar verði hluti af innleiðingaráætlun.

### **Teymisvinna**

Teymisvinna á milli skóla- og frístundadeildar og annarra sérfræðinga þjónustumiðstöðvar Breiðholts verði þétt og markviss með það að markmiði að styðja við skóla- og frístundastarf og fjölskyldur í Breiðholti. Deildarstjórar í þjónustumiðstöð vinni saman og fundi reglulega um sameiginleg málefni deildanna með hverfisstjóra. Unnið verði á grundvelli verkefna og verkefnastjórnunar þar sem starfað verði í þverfaglegum teyjum. Áhersla verði lögð á að þjónustan verði í ríkara mæli veitt í daglegu umhverfi barna og starfsmanna í skóla- og frístundastarfi með aðferðum snemmtækrar íhlutunar.

### **Þverfagleg skólateymi**

Um hvern leikskóla og grunnskóla og þar til heyrandi frístundaheimili og félagsmiðstöð starfar þverfaglegt teymi:

- Fulltrúi/ar viðkomandi skólastigs og frístundaþjónustu.
- Fulltrúi sálfræðiþjónustu.
- Fulltrúi/ar velferðarþjónustu (barna- og fjölskyldu).

Þessir aðilar eru einnig hluti af lausnateymi og/eða nemendaverndarráði hvers leikskóla og grunnskóla. Þessi uppskipting er gerð til að auka persónuleg tengsl lykilstarfsmanna sem vinna með viðkomandi stofnun.

Markmið samstarfs er að:

- Auka þverfaglega samvinnu.
- Nýta betur og styrkja þau úrræði sem notuð eru í skóla-, frítíma og velferðarþjónustu með börnum.
- Nýta betur þá sérþekkingu sem er úti í skólunum og í þjónustumiðstöð.
- Draga úr þörf fyrir greiningar.
- Draga úr þörf fyrir aðkomu barnaverndar

Það er í starfi teyma sem samstarf um skóla-, frístunda-, sálfræði- og velferðarþjónustu á að eflast enn frekar milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs.. Í teymunum á ný nálgun í barnaverndarmálum að kristallast.

### **Samstarf innan skóla- og frístundadeilda**

Kennsluráðgjafi, leikskólaráðgjafi, hegðunarráðgjafar, þjálfunarráðgjafi, talmeinafræðingur, ráðgjafabroskafjálfi frístundastarfs vinna þvert á deildir og vinna markvisst að menntun án aðgreiningar. Byggð verður upp þekking á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs í vinnu með fjölbreyttan nemenda/barnahóp í samstarfi við sálfræðinga sálfræðiþjónustu og sérfræðinga velferðarþjónustu (s.s. barna og fjölskyldudeild). Deildirnar halda reglulega fundi um sameiginleg málefni sín.

### **Samstarf skóla- og frístundadeilda við skóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar**

Skóla og frístundadeild á í virku frumkvæðissamstarfi við hvern skóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð og styður við dagleg viðfangsefni og úrlausnarverkefni stjórnenda og starfsmanna. Þá styður deildin við nýbreytni og þróunarstarf. Hegðunar- og kennsluráðgjafar verja góðum hluta vinnudags síns á vettvangi og er lögð áhersla á ráðgjafar- og handleiðsluhlutverk í starfi.

## **Samstarf skóla- og frístundadeilda við skrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur**

Deildarstjórar skóla- og frístundadeildar eiga í formlegu samstarfi við skrifstofustjóra á skrifstofu skóla- og frístundasviðs og koma að grundvallarskipulagningu og helstu áætlanagerð og stefnumótun varðandi framkvæmd skóla- og frístundastarfs í borginni. Aðrir starfsmenn í skóla- og frístundastarfi eiga í formlegu samstarfi við aðra aðila sem sinna sambærilegum störfum í þjónustumiðstöðvum, frístundamiðstöðvum og öðrum stofnunum Reykjavíkurborgar.

Nánari tilhögun teymisvinnu og þverfaglegs samstarfs verður hluti af innleiðingaráætlun.

### **Innleiðing og kostnaður**

Þróunarverkefninu verði hrint af stökkunum á síðari hluta árs 2019 og standi í allt að tvö ár. Að þróunartíma loknum verður metið hvort yfirfæra eigi verkefnið á alla borgina. Matsferli verður hluti af undirbúnings- og innleiðingarferli.

Ráðinn verði tímabundið til starfa verkefnastjóri sem vinni innleiðingaráætlun með lykilstjórnendum og styðji við framkvæmd hennar. Sett verði skýr árangursmarkmið í upphafi verkefnis og þeim fylgt eftir yfir tímabilið. Á grundvelli árangursmarkmiða verði útbúin matsáætlun og mælikvarðar. Sett verði niður samskiptaáætlun til að tryggja að allir hlutaðeigandi aðilar rói í sömu átt og nái sem best sameiginlegum skilningi á verkefninu á hverjum tíma.

Eigendahópur innleiðingarinnar eru sviðsstjórar skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs og hverfisstjóri Breiðholts. Hópurinn hittist reglulega og fer yfir framvindu breytinganna ásamt verkefnisstjóra. Þá hittir eigendahópurinn stjórnendur í þjónustumiðstöð Breiðholts og skrifstofustjóra af fagskrifstofu SFS með reglubundnum hætti.

### **Tímaáætlun**

September 2019: Umfjöllun í fagráðum og borgarráði.

Október – nóvember 2019: Unnið í starfslýsingum og breyttum verkferlum. Auglýst í stöður. Undirbúningur tilfærslu starfsmanna. Ráðningar.

1. janúar 2020: Nýjar áherslu í þjónustumiðstöð komnar til framkvæmda en ferlar verða í mótun til vors 2020.

### **Kostnaður**

Verkefnið rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Flutt verði miðlæg stöðugildi frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs í Borgartúni, starfsfólk úr frístundamiðstöð auk þess sem stöðugildi í þjónustumiðstöð Breiðholts verða færð undir skóla- og frístundadeildina. Velferðarsvið leggur til húsnæði og búnað að Álfabakka 10, Reykjavík. Verkefnið hefur verið jafnréttisskimað.